

# Fundargerð 371. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, föstudaginn 16. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir og Már Sveinbjörnsson. Í símasambandi voru Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson í fjarveru Ástu Pálmadóttur.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 370 fundar frá 11. desember 2014.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Ársreikningur hafnasambandsins 2014 - 1501018HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2014 áritaður af reikningshaldara.

*Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnunum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5 gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins. Afgreiðslu verði frestað þar til þessu er lokið.*

### 3. Brennisteinsinnihald í skipaolíu - 1305008HA

Lögð fram til kynningar ný drög að reglugerð um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti.

*Stjórn beinir þeim tilmælum til aðildarhafna að taka saman upplýsingar um afkastagetu í sölu á rafmagni til skipa og sendi upplýsingarnar á starfsmann Hafnasambands Íslands.*

### 4. Hafnafundur 2015 - 1412012HA

Lögð fram til kynningar fundargerð fræðslunefndar hafnasambandsins frá 9. janúar sl. Einnig lögð fram drög að dagskrá fyrir hafnafund sem verður haldinn í Hafnarfirði þann 4. september nk.

*Starfsmanni og formanni fræðslunefndar falið að vinna áfram að undirbúningi fundarins.*

**5. Beiðni um fjármögnun rannsóknar - 1209016HA**

Lagðar fram niðurstöður rannsóknar sem Cruise Iceland gerði. Í rannsókninni var neysla farþega á skemmtiferðaskipum skoðuð.

*Starfsmanni falið að ræða við fulltrúa Cruise Iceland um hvernig standa skuli að kynningu á niðurstöðunum.*

**6. Umhverfisstefna hafna - 1409053HA**

Lögð fram drög að fyrirmynd af umhverfisstefnu fyrir hafnir á Íslandi sem Umhverfis- og öryggisnefnd hafnasambandsins hefur unnið að.

*Má falið að vinna áfram að verkefninu.*

**7. Sameining hafnasjóða - 1410112HA**

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum könnunar um samvinnu og sameiningarmöguleika hafnasjóða.

*Starfsmanni falið að senda skýrsluna til allra aðildarhafna og sveitarfélaga.*

**8. Merki fyrir Hafnasamband Íslands - 1409066HA**

Lögð fram endanleg útgáfa af merki hafnasambandsins sem og bréfsefni.

*Til kynningar.*

Fundi var slitið kl. 12:10

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson